

Ed.

753. Frumvarp til laga

[250. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. apríl.)

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Vélskóla Íslands. Það ræður skólastjóra svo og fasta kennara og stundakennara eftir þörfum í samráði við skólastjóranann. Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti: Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, einn eftir tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands, tveir eftir tilnefningu Skólafélags Vélskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Skólanefndin skal fylgjast með rekstri skólans og hafa eftirlit með kennslutilhögun og námsefni. Nefndin úrskurðar um það, hvort skilyrðum til inntöku í skólann sé fullnægt. Skólastjóri á rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti, nema þegar fjallað er um mál, sem varða hann persónulega.

Ráðherra setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.